

Efnaeftirlit á áætlun Snyrtivörur - Bónus

Dagsetning	13.5.2024
Fyrirtæki	Bónus
Heimilisfang	Skútuvogi 13, 104 Reykjavík
Kennitala	4501993389
Starfsemi	Matvöruverslanir (Aðal)
Eftirlitsstaður	Bónus, Skeifunni
Fulltrúi fyrirtækis á vettvangi	Auður Sigurðardóttir
Eftirlitsmaður	Bergdís Björk Bæringsdóttir
Tegund eftirlits	Efnaeftirlit
Tengiliður fyrirtækis	Örvar Þór Kristjánsson

SAMANTEKT

Umhverfisstofnun fór í eftirlit með snyrtivörum í verslun Bónus í Skeifunni þann 7.5.2024. Skoðaðar voru snyrtivörur sem eru framleiddar eða eru með skráðan ábyrgðaraðila á Íslandi. Alls voru 2 vörur valdar af handahófi frá einu vörumerki (Lovaiceland). Vörurnar eru með skráðan ábyrgðaraðila hjá öðru fyrirtæki og hafa niðurstöður eftirlits verið kynntar þeim. Engar kröfur eða athugasemdir eru gerðar til Bónus og telst máli þessu lokið af hálfu stofnunarinnar.

MERKING HUGTAKA

Merking eftirfarandi hugtaka sem notuð eru í skýrslunni er sem hér segir:

Markaðssetning: Það að sjá þriðja aðila fyrir vöru sem fellur undir efnalög nr. 61/2013 eða bjóða hana fram, hvort heldur er gegn greiðslu eða án endurgjalds. Innflutningur er markaðssetning.

REACH: Reglugerð (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni sem innleidd er í reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH)¹.

Snyrtivörur: Efni eða efnaþöndur sem ætlaðar eru til notkunar á mannlíkamann s.s. hörund, hár, neglur, varir, ytri kynfæri, tennur og slímhimnu í munni. Snyrtivörum er einkum ætlað að hreinsa, breyta útliti, veita ilm, bæta líkamsþef eða vernda og halda

¹ Samsett reglugerð nr. 888/2015 á vef Umhverfisstofnunar: <https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Efni/REACH/samsett-reglugerd-nr-888-2015.html>

líkamshlutum í góðu ástandi, sbr. reglugerð (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur sem innleidd er í reglugerð nr. 577/2013².

Þrávirk lífræn efni: Efni sem brotna hægt eða aldrei niður í náttúrunni og lífverum, stigmagnast upp fæðukeðjuna með því að safnast fyrir í fituvefjum lífvera og hafa óæskileg áhrif á bæði heilsu manna og umhverfið. Þessi efni kallast á ensku Persistent Organic Pollutants (POPs). Stokkhólmssamningurinn myndar alþjóðlegan ramma um takmörkun á þessum efnum. Jafnframt er fjallað um þrávirk lífræn efni í reglugerð (ESB) 2019/1021 sem innleidd er með reglugerð nr. 954/2013 um þrávirk lífræn efni³.

MERKING

Samkvæmt reglugerð nr. 577/2013 og 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur skulu merkingar snyrtivara vera á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku. Notkunarskilyrði og varnaðarorð í dálki (i) í III., V. og VI. viðauka reglugerðar skulu vera á íslensku, með undantekningum varðandi viðvörunarmerkingar vegna flúorinnihalds í tannkremi og ef merkingin er eingöngu ætluð til að taka fram að snyrtivaran innihaldi tiltekið innihaldsefni.

Upplýsingar sem eiga að koma fram á íláti og umbúðum snyrtivara eru taldar upp í 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur og eftirfarandi atriði þurfa að koma fram á merkimiða:

- Nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila.
- Upprunaland ef um innflutta snyrtivöru er að ræða.
- Magn við pökkun (þyngd eða rúmmál).
- Ef geymsluþol er minna en 30 mánuðir skal dagsetning geymsluþols koma fram á eftir tilteknu tákni (stundaglas, sbr. 3. lið VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009) eða orðunum „best fyrir“. Skrá skal mánuð og ár eða dag, mánuð og ár.
- Ef opnun umbúða hefur áhrif á geymsluþol skal tiltekið tákn fyrir opið ílát (sbr. 2. lið VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009) vera á umbúðum og tímabil geymsluþols eftir opnun tilgreint þar á eftir í mánuðum og/eða árum.
- Notkunarskilyrði og varnaðarorð á íslensku skv. III. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1223/2009.
- Númer framleiðslulotu eða tilvísun.
- Hlutverk snyrtivöru ef það er ekki augljóst á söluumbúðum.
- Skrá yfir innihaldsefni í lækkandi röð eftir hlutfalli í vöru.

² Samsett reglugerð nr. 577/2013 á vef Umhverfisstofnunar: <https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Efni/Snyrtivorur/samsett-reglugerd-nr-577-2013.html>

³ Samsett reglugerð nr. 954/2013 á vef Umhverfisstofnunar: <https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Efni/thravirk-lifraen-efni/samsett-reglugerd-nr-954-2013.html>

- Heiti innihaldsefna skal vera samkvæmt INCI nafnakerfi, sé það til, annars samkvæmt öðru viðurkenndu nafnakerfi. Öll innihaldsefni á formi nanóefna skulu tilgreind á umbúðum.
- Ilmefni má merkja sem „ilmefni“ eða „lyktarefni“ (parfum/perfume/aroma).

INNIHALDSEFNI

Efni sem talin eru upp í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 er bannað að nota í snyrtivörur. Efni sem talin eru upp í III. viðauka við sömu reglugerð er aðeins heimilt að nota í samræmi við fyrirmælin sem þar koma fram. Í viðaukum með reglugerðinni eru listar með litgjöfum og rotvarnarefnum sem heimilt er að nota.

UMFANG EFTIRLITS

Umhverfisstofnun vísar í bréf stofnunarinnar, dags. 7.5.2024, þar sem kynnt var eftirlitsverkefni með snyrtivörum, í samræmi við hlutverk Umhverfisstofnunar skv. efnalögum nr. 61/2013. Eftirlitið fór fram sama dag og var markmið þess að skoða hvort snyrtivörur, sem framleiddar eru hér á landi, innihaldi takmörkuð og/eða bönnuð efni, nánar tiltekið C9-C14 PFCA⁴; PFOA⁵, sölt hennar og PFOA-lík efni; sýklótetrasíloxan (D4), sýklópentasiloxan (D5) og sýklómetíkón (blanda af D4, D5 og D6), sbr. reglugerð nr. 954/2013 um þrávirk lífræn efni og reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH). Að auki var litið til ákvæða er snúa að merkingum og innihaldsefnum snyrtivara, sbr. reglugerð nr. 577/2013. Eftirlitið er þáttur í samevrópsku verkefni á vegum gagnaskiptatorgs um eftirlit (e. Forum for Exchange of Information on Enforcement) og er áherslan lögð á fyrstu markaðssetjendur, þ.e. framleiðendur og fyrirtæki sem flytja inn vörur frá löndum utan EES.

Í eftirfarandi töflu er útlitun á þeim takmörkunum sem hafðar voru til hliðsjónar við eftirlitið skv. ákvæðum REACH.

Færsla í XVII. viðauka	Efni/Efnahópur	Viðmiðunarmörk
68	Línuleg og greinótt perflúorókarboxýlsýra með formúluna $C_nF_{2n+1}-C(=O)OH$ þar sem $n = 8, 9, 10, 11, 12$ eða 13 (C9-C14 PFCA), þ.m.t. sölt hennar, og hvers konar samsetningar. Öll skyld efni C9-C14 perflúorókarboxýlsýru með perflúoróhóp með formúluna $C_nF_{2n+1}-$ sem tengist beint öðru kolefnisatómi þar sem $n = 8, 9, 10, 11, 12$ eða 13 , þ.m.t. sölt hennar og hvers konar samsetningar. Öll skyld efni C9-C14 perflúorókarboxýlsýru með perflúoróhóp með formúluna $C_nF_{2n+1}-$ sem tengist ekki beint öðru kolefnisatómi, þar sem $n = 9, 10, 11, 12, 13$ eða 14 er einn af	Styrkurinn í efninu, blöndunni eða hlutnum sé undir 25 ppb fyrir summu C9-C14 perflúorókarboxýlsýru

⁴ perflúorókarboxýlsýrur sem innihalda 9 til 14 kolefnisatóm í keðjunni

⁵ perflúoróoktansýru

	byggingarþáttunum, þ.m.t. sölt hennar og hvers konar samsetningar. Eftirfarandi efni eru undanþegin þessari tilgreiningu: <ul style="list-style-type: none"> - $C_nF_{2n+1}-X$, þar sem $X = F, Cl$ eða Br þar sem $n = 9, 10, 11, 12, 13$ eða 14, þ.m.t. hvers konar samsetningar - $C_nF_{2n+1}-C(=O)OX'$ þar sem $n > 13$ og $X' =$allir hópar, þ.m.t. sölt 	og salta hennar eða 260 ppb fyrir summu skyldra efna C9-C14 perflúoró-karboxýlsýru.
70	Oktametylsýklótetrasiloxan (D4)	0,1 % miðað við þyngd hvors efnis í snyrtivörum sem eru þvegnar af
	Dekametylsýklópentasiloxan (D5)	

Í eftirfarandi töflu er útlitun á þeim takmörkunum sem hafðar voru til hliðsjónar við eftirlitið skv. ákvæðum POPs.

Efni/Efnahópur	Viðmiðunarmörk fyrir mengun vegna óviljandi snefilaðskotaefna
Perflúoróoktansýra (PFOA) og sölt hennar	0,025 mg/kg (0,000025 % af þyngd) þegar það kemur fyrir sem efni, í efnablöndu eða hlut.
Sérhvert einstakt PFOA-tengt efnasamband eða sambland af PFOA-tengdum efnasamböndum	1 mg/kg (0,0001 % af þyngd) þegar það kemur fyrir sem efni, í efnablöndu eða hlut.

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eftirtaldar vörur sem falla undir umfang eftirlitsins voru skoðaðar:

Vara	Strikamerki	Vörumerki/Ábyrgðaraðili
C Vitamin Cream (50 mL)	6970050032792	Loveiceland / Flame ehf.
Vitamin C & E Facial Cleansing balm (50 mL)	6974570364807	Loveiceland / Flame ehf.

Niðurstöður eftirlits hafa verið kynntar ábyrgðaraðila og hefur verið brugðist við með viðeigandi hætti.

ÁBENDINGAR

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á nýlegri breytingu sem gerð hefur verið á reglugerð nr. 577/2013 um snyrtivörur (sjá [reglugerð \(EB\) 2023/1545](#)). Samkvæmt henni er skylt að tiltekin ofnæmisvaldandi ilmeftni komi fram á lista yfir innihaldsefni á umbúðum ef þau eru í hærri styrk en 0,001 % í tilbúinni snyrtivöru sem ekki á að skola burt eftir notkun eða 0,01 % styrk í snyrtivörum sem á að skola burt eftir notkun (e. rinse off). Ekki er skylt að tilgreina styrk efnisins í vörunni á umbúðum.

Efnin sem falla undir framangreint eru tilgreind í dálki h ("Annað") í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 með tilvísun til g-liðar 1.mgr. 19 gr. sömu reglugerðar.

Aðlögunartími er með þeim hætti að heimilt er að setja snyrtivörur, sem innihalda efnin sem um ræðir og sem eru ekki í samræmi við takmarkanirnar, á markað til 31. júlí 2026 og bjóða þær fram á markaði til 31. júlí 2028, að því tilskildu að þær séu í samræmi við eldri takmarkanir sem voru í gildi 15. ágúst 2023.

Reykjavík, 20.8.2024

Bergdís Björk Bæringsdóttir